

Alþingi
Erindi nr. P 140/2123
komudagur 7.5.2012

Nefndasvið Alþingis

Komið þið sæl

Norðurorka hf. er ekki í beinni orkunýtingu á þeim svæðum sem eru til umfjöllunar í rammaáætlun né eru á þessu stigi fyrirhuguð slík nýting af þess hálfu.

Norðurorka hf. hefur hins vegar óbeinna hagsmuna að gæta vegna dótturfélags síns Fallorku ehf. og hefur framkvæmdastjóri félagsins þegar sent inn umsögn vegna tillögunnar.

Þá hefur Norðurorka hf. einnig óbeinna hagsmuna að gæta vegna hlutdeildarfélagssins Hrafnabjargavirkjunar hf. en félagið fékk á sínum tíma vilyrði fyrir virkjunleyfi í Skjálfandafljóti eins og nafn þess gefur vísbandingu um. Fyrir liggur að Orkustofnun telur heppilegt að Hrafnabjargavirkjun hf. endurnýji umsókn sína um virkjunarleyfi sem á sínum tíma var unnin í samráði við lðnaðarráðuneytið og fylgi um leið skilgreindu ferli og gagnasöfnun sem því er áskilin. Þessa daganna er unnið að því að vinna upp endurnýjaða umsókn ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum. Rétt er að vekja athygli á því að til er forathugun um virkjunarkosti í Skjálfandafljóti ofan Bárðardals (<http://www.os.is/gogn/Skyrslur/OS-2002/OS-2002-061.pdf>) sem hingað til hefur verið byggt á um mat á virkjunarkostum og því áhorfsmál hvort ásættanlegt er að setja þessa virkjunarkosti í biðflokk á þeim forsendum að ekki liggi nægileg gögn fyrir. Fyrir liggur að Hrafnabjargavirkjun hf. mun vinna að því að koma þessum virkjunarkosti úr biðflokki verði niðurstaðan sú að þingsályktunartillagan verði afgreidd óbreytt að þessu leyti.

Að öðru leyti vísar Norðurorka hf. til umsagnar SAMORKU um málið.

Virðingarfyllst,
f.h. Norðurorku hf.

Baldur Dýrfjörð

Baldur Dýrfjörð forstöðumaður þróunar
netfang: baldur@no.is - veffangi: www.no.is
símar: 460-1300 / 460-1337 / 862-1282

